1875

70 27da septbr. hvort hreppurinn ætti að greiða jafnaðarsjóðnum leigu fyrir þessa notkun, eða hverjum öðrum nánari skilyrðum hún ætti að vera bundin.

71 13da október. *Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu).

Lagt var fyrir amtmanninn að sjá um, að póstsendingavog með lóðum, er útveguð hafði verið handa amtmannsembættinu og brjefavog með lóðum, sem keypt hafði verið handa sýslumannsembættinu í Rangárvallasýslu, framvegis fylgi nefndum embættum.

72 14da október. *Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu).

Með brjefi frá 7. þ. m. hafið þjer herra amtmaður sent mjer skoðunargjörð um skemmdir á umboðsjörðunni Eystri-Lyngum, og jafnframt því getið þess, að þjer, þá er þjer skoðuðuð umboðsjarðirnar í Skaptafellssýslu, hafið einnig kynnt yður ástand jarðar þessarar, og þá ekki sjeð betur en, að hún naumast gæti heitið byggileg, þar sem sandágangurinn væri svo að segja gjörsamlega búinn að eyðileggja túnið, eins og útheysslægjur og hagar einnig væru mjög illa útleiknir af hinum sömu skemmdum, og af því að nokkuð af landinu lægi undir vatni, er ekki gæti fengið afrennsli vegna þess, að sandhrannirnar hækkuðu landið upp að framan. Þjer hafið því samkvæmt tillögum umboðsmannsins yfir Þykkvabœjarklaustursjörðum mælt fram með, að landsetanum á jörð þessari, Ólafi Sveinssyni, sem með brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 24. febr. f. á., var veitt til fardaga 1876 20 álna linun í landskuld sinni, verði nú frá næstu fardögum veitt ennfremur 10 álna linun, svo að landskuldin sem áður var 60 álnir, verði nú 30 álnir, að hálfu goldnar eptir meðalverði og að hálfu með 16 aurum fyrir hverja alin, en að þar á móti þau 2 kúgildi, sem eru á jörðunni, verði látin halda sjer og eptir þau goldnar fullar leigur.

Af þessu tilefni skal yður tjáð til leiðbeiningar og birtingar, að jeg eptir málavöxtum leyfi, að landskuldarlinun sú, sem þjer hafið stungið upp á, veitist greindum leigulíða um þrjú ár frá fardögum 1876.

73 14da október. *Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu).

Með brjefi frá 7. þ. m. senduð þjer, herra amtmaður tillögur umboðsmanns Þykkvabœjarklaustursjarða um, að neðannefndum ábúöndum á nokkrum jörðum, er liggja undir nefnt umboð, verði veitt þóknun fyrir að hafa mokað burt af túnum ábýlisjarða sinna sandi, er á þau fauk síðastliðinn vetur:

1. Stefáni Einarssyni á Þykkvabœjarklaustri 18 álnir, helmingur eptir meðalverði og helmingur með 16 aurum fyrir hverja alin, fyrir að hafa unnið 18 dagsverk.
2. Sigurði Nikulássyni samastaðar 30 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa unnið 30 dagsverk.
3. Jóni Andrjessyni í Þykkvabœjarklausturshjáleigu 8 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa unnið 8 dagsverk,
4. Stefáni Höskuldssyni á Sandhúsnesi 30 álnir, reiknaðar á sama hátt, fyrir að hafa unnið 31 dagsverk.

Þjer hafið mælt fram með þessum tillögum, af því, að hjer að eins sje að rœða um lítilfjörlega þóknun, en engan veginn verulega borgun, fyrir verk þau, er ábúendurnir